



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Innviðaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 19. desember 2023

2312034SA VRB
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um merki fasteigna, S-258/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að reglugerð um merki fasteigna. Reglugerðin er tilkomin vegna breytinga á lögum nr. 6/2001 sem taka gildi 1. janúar 2024. Efni hennar tekur á skyldu eigenda fasteiga til að láta gera merki um fasteignir sínar, merkjalýsingar og merkjalýsendur.

Afstaða sambandsins

Í IV. kafla reglugerðarinnar er fjallað um leyfi til að gera merkjalýsingar. Þar kemur fram að þeir einir mega gera merkjalýsingar sem fengið hafi til þess sérstakt leyfi ráðherra. Skilyrði fyrir leyfinu eru lögræði og búsföræði og að viðkomandi hafi setið námskeið og staðist próf sem sýnir fram á staðgóða þekkingu á viðfangsefnum merkjalýsinga.

Ákvæðið nær til starfsfólks sveitarfélaga sem sinnir hnitsetningum lóða á grundvelli deiliskipulags. Sambandið leggur mikla áherslu á að það starfsfólk sem sinnir þessum störfum nú þegar á vegum sveitarfélaga hafi forgang á fyrsta námskeiði í merkjalýsingum. Jafnframt er lögð áhersla á að námskeiðið verði starfsfólki sveitarfélaga að kostnaðarlausu enda segir í skýringum með fyrrgreindum breytingarlögum að lögin eigi ekki að leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélög.

Með bráðabirgðaákvæði I við reglugerðina er gert ráð fyrir að þeir sem hafa starfað hjá sveitarfélagi við stofnun og skráningu fasteigna og þeir sem hafa útbúið landamerkjalýsingar og önnur skjöl til afmörkunar fasteigna geta sótt um bráðabirgðaleyfi til þess að gera merkjalýsingar þar til þeir hafa sótt námskeið og fengið leyfi ráðherra. Óska skuli eftir slíku leyfi fyrir 1. febrúar 2024. Í ljósi þessa er mjög mikilvægt að ráðuneytið kynni vel þessa tilhögun og sendi sveitarfélögum greinargóðar upplýsingar enda mikilvægt að ekki verði neinar tafir á þessu ferli.

Þá telur sambandið að nauðsynlegt sé að skýra ábyrgð merkjalýsanda. Í 17. gr. reglugerðarinnar er fjallað um hlutverk merkjalýsanda þar sem því er lýst að merkjalýsandi beri ákveðna ábyrgð á sínum verkum. Ekki er að finna neinar kröfur gagnvart merkjalýsendum til þess að vera með ábyrgðartryggingar ef það kemur síðar í ljós að mistök hafi verið gerð við merkjalýsingu. Í 3. gr. reglugerðarinnar er fjallað um hlutverk og ábyrgð. Þrátt fyrir lýsingu á hlutverki og ábyrgð merkjalýsanda í 17. gr. reglugerðarinnar þá er ekki fjallað sérstaklega um ábyrgð hans í ákvæði 3. gr. þrátt fyrir að það væri rétt að skilgreining ábyrgðar væri skýr. Ef ekki er fjallað um ábyrgð merkjalýsanda í 3. gr. mætti gagnálykta frá því að annar aðili, t.d. sveitarfélagið beri ábyrgð á að vinna merkjalýsanda sé rétt og í samræmi við önnur gögn sem til staðar eru um merki fasteigna. Í 3. gr. reglugerðar er jafnframt umfjöllun um ábyrgð sveitarfélaga, þar sem segir meðal annars að sveitarfélög eigi að tryggja að framkvæmd skráningar fasteigna og landeigna sé í samræmi við gildandi skipulag o.fl. Hér má mögulega álykta sem svo að

sveitarfélagið eigi að hafa eitthvað hlutverk varðandi vinnu merkjalýsanda. Afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga er sú mikilvægt sé að ábyrgð sveitarfélaga og ábyrgð merkjalýsanda sé alveg skýr. Hvað varðar þá merkjalýsendur sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélaga þarf að taka afstöðu til þess, hvort ábyrgð sé til staðar hjá þessum starfsmönnum persónulega eða hvort að sveitarfélög beri þar einhverja aukna ábyrgð.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur